Félagsráðgjafafélag Íslands

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2020.

Efni: Umsögn við tillögu að endurhæfingarstefnu.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna tillögu um endurhæfingarstefnu sem liggur fyrir í samráðsgátt stjórnvalda. Félagið fagnar áformum heilbrigðisráðuneytis um endurhæfingarstefnu en verður að gera athugasemdir við það að skýrsluhöfundar ákveði að undanskilja félagsráðgjafa frá þeim fagstéttum sem starfa innan endurhæfingar. Fulltrúar félagsins áttu fund með skýrsluhöfundum 21. nóvember 2019 en þrátt fyrir að þeir hafi leitað samráðs á víðum vettvangi þá hefur þverfagleg og þverstofnanaleg nálgun ekki skilað sér nægjanlega vel í tillöguna. Líta verður til þess að starfshópurinn sem heilbrigðisráðherra skipaði til að vinna tillöguna samanstóð af tveimur fagaðilum, það er sjúkraþjálfara og endurhæfingarlækni en ætla má að þverfaglegri og heildrænni sýn hefði komið fram ef fleiri fagstéttir hefðu verið skipaðar í starfshópinn. Ef áherslur í orði á sálfélagslega nálgun eiga að ganga eftir er nauðsynlegt að gera ráð fyrir lykil starfsstétt varðandi félagslega heilsu, það er félagsráðgjöfum.

Fram kemur á bls. 7. í tillögu að endurhæfingarstefnu að starfshópurinn leggi til grundvallar skilgreiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og skilgreiningar á endurhæfingu frá Noregi og Danmörku. Jafnframt sé hugtakið endurhæfing látið taka til þess sem hefðbundið er að kalla hæfingu. Mikilvægt er að hafa í huga að endurhæfing er einstaklingsbundin og fer eftir þörfum mismunandi einstaklinga, s.s. endurhæfing eftir afplánun, neyslu, kulnun, vegna öldrunar, fötlunar eða sjúkdóma. Í tillögunni kemur ekki fram hvar starfsendurhæfing flokkast í stigskiptingu endurhæfingarþjónustu á Íslandi sem útfærð er í skýrslunni og byggir á skilgreiningu WHO. Í skýrsluna vantar umræðu um fólk af erlendum uppruna sem er sístækkandi hópur í íslensku samfélagi og kominn til að vera. Hér er átt við innflytjendur og mögulega flóttafólk sem einnig er vaxandi hópur. Vinna með fólki af erlendum uppruna krefst sérþekkingar og getur verið flókin og krefjandi. Með því að taka einungis mið af skilgreiningu og leiðbeiningum WHO taka skýrsluhöfundar ekki tillit til allra þessara hópa heldur einblína á þá sem þurfa hæfingu/endurhæfingu vegna fötlunar og sjúkdóma.

Á bls. 8-9 kemur fram að ekki liggi fyrir formleg skilgreining á endurhæfingu hér á landi en vísað í skilgreiningar á Norðurlöndum sem feli í sér *að um samvinnuverkefni einstaklinga og fagfólks sé að ræða, markmiðin séu einstaklingsbundin og taki mið af óskum, lífssýn og aðstæðum hvers og eins og taki til líkamlegra, sálrænna og félagslegra þátta.* Samkvæmt upplýsingum sem Félagsráðgjafafélag Íslands hefur aflað frá Norrænum samtökum félagsráðgjafa þá eru félagsráðgjafar taldir til þeirra fagstétta sem sinna hæfingu og endurhæfingu í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Félagsráðgjafar sinna félagslegri heilsu, þeir vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er 5 ára háskólanám, sem skiptist í 3ja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við 2ja ára meistaranám þar sem að hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að námi loknu sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis landlæknis og um leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu.

Styrkleiki félagsráðgjafa er ekki hvað síst sá að þeir hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til að tengja saman þjónustukerfi og ná þannig meiri skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins. Margir félagsráðgjafar hafa bætt við sig menntun í endurhæfingu, fjölskyldumeðferð og annarri meðferðarvinnu og eru vel til þess fallnir að sinna endurhæfingu, meðferðarvinnu, málastjórn og að stýra þverfaglegri teymisvinnu.

Vert er að benda á að innan félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands hefur frá árinu 2015 verið boðið upp á Diplómanám í starfsendurhæfingu sem er sameiginlegt nám Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Um er að ræða nám sem er hægt að fá metið inn í MA-nám í félagsráðgjöf og á Heilbrigðisvísindasviði HA að uppfylltum inntökuskilyrðum. Markmið námsleiðarinnar er að koma til móts við þörf fyrir sérhæfða þekkingu og færni á sviði starfsendurhæfingar og er hún ætluð þeim sem starfa á sviði starfsendurhæfingar, s.s. félagsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum, iðjuþjálfum, læknum, þroskaþjálfurum, lýðheilsufræðingum og sjúkraþjálfurum.

Félagsráðgjafafélag Íslands hefur um árabil bent á að auka þurfi þverfaglega nálgun í þjónustu heilsugæslunnar og því tekur félagið undir þær tillögur sem koma fram í skýrslunni um að endurhæfingarteymi verði staðsett á ný innan heilsugæslunnar. Vísað er til þess í skýrslunni að góð raun hafi verið af tilraunaverkefninu HVERT þó enn skorti á samfellu í þjónustu á sviðinu sem bæta þurfi úr þannig að einstaklingar fái viðeigandi þjónustu á hverjum tíma. Það er hins vegar óskiljanlegt að líta eigi fram hjá sérfræðiþekkingu félagsráðgjafa á sviðinu og telja starfsstéttina ekki til endurhæfingarstétta á Íslandi. Störf félagsráðgjafa innan heilsugæslu hér á landi hafa aðallega tengst þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra annars vegar og síðan endurhæfingu hins vegar. HVERT var eins og kemur fram í skýrslunni dæmi um tilraunaverkefni, um teymisvinnu heilsugæslu og aðila sem tengjast framfærslu og vinnuleit sem fór fram á árunum 2008 - 2010 og sýndi jákvæðar niðurstöður og lýsir möguleikum sem felast í endurhæfingu innan heilsugæslunnar. Vert er að halda því til haga að starfsmenn HVERT voru einungis tveir; félagsráðgjafi, sem jafnframt var verkefnastjóri, og sálfræðingur, en til viðbótar var ráðgefandi endurhæfingarlæknir fyrri hluta tímabilsins. Góður árangur var af verkefninu en rúmlega 80% þátttakenda fóru í vinnu, nám eða vinnuleit. Skýring á þessum góða árangri var talin vera hin mikla og góða samvinna á milli stofnana sem hafi skipt sköpum.

Í tillögunni er óljóst hvar ákvörðunarvald um vísun í þjónustu muni liggja, verði endurhæfingarteymi í heilsugæslu að veruleika og hvernig kostnaður verður útfærður. Dæmi eru um einstaklinga sem hafa lokið starfsendurhæfingu hjá Virk og í kjölfarið vísað í örorkumat hjá Tryggingastofnun en fá synjun þar sem endurhæfing þykir ekki fullreynd. Þessir einstaklingar enda í tómarúmi og þurfa jafnvel að bera sjálfir kostnað á sinni endurhæfingu eða daga uppi án endurhæfingar. Virk virðist geta komist að niðurstöðu sem er óháð niðurstöðu Tryggingastofnunar og algjörlega tilviljunarkennt hvort þessi hópur fái tilvísun í endurhæfingarúrræði innan heilbrigðiskerfisins.

Félagsráðgjafafélag Íslands telur mikilvægt að komið verði á fót óháðu þverfaglegu teymi sem metur endurhæfingarþörf einstaklinga. Að mati félagsins er ekki ákjósanlegt að hafa á sömu hendi mat á þörf, skipulag og framkvæmd endurhæfingar auk ákvörðunar um greiðslu fyrir þjónustuna. Lagt er til að slíkt endurhæfingarteymi sé samsett af félagsráðgjafa, iðjuþjálfa, lækni, sálfræðingi og sjúkraþjálfara og falli undir stjórnsýslu ríkisins. Jafnframt er að mati félagsins nauðsynlegt að hafa áfrýjunarleið fyrir þá sem fá synjun á þátttöku til endurhæfingar.

Það er mikilvægt að einfalda greiðslukerfi fyrir einstaklinga sem ekki geta séð sér farborða með atvinnu. Slíkt sparar fjármuni og tíma. Tryggja þarf viðunandi grunnframfærslu og lengja hámarkstíma endurhæfingarlífeyris sem er í dag 3 ár en þarf að vera allt að 5 ár til að koma í veg fyrir ótímabæra örorku. Einnig er nauðsynlegt að tryggja samfellu í þjónustu og draga úr þeim mun sem er á grunnframfærslu fólks utan vinnumarkaðar en verulegur munur er á greiðslum eftir því hvort um er að ræða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, atvinnuleysisbætur eða

endurhæfingarlífeyri/örorku. Mikill kvíði tengist því að færast á milli bótaflokka sem hamlar jafnvel því að einstaklingar sæki sér viðeigandi meðferð ef það felur í sér lægri greiðslur. Auk framfærslu er mikilvægt er að tryggja grunnþjónustu s.s. húsnæði og félagslegan stuðning en fólk sem er húsnæðislaust eða fær ekki stuðning við hæfi á mjög erfitt að mæta og einbeita sér að endurhæfingu.

Félagsráðgjafafélag Íslands getur ekki tekið undir hugmyndir um sameiningu Grensás og Reykjalundar þar sem um er að ræða mjög ólíka hópa hvað varðar endurhæfingarþörf. Mjög breiður hópur nýtur þjónustu Reykjalundar og er mikilvægt að landsmenn hafi áfram aðgengi að þeirri þverfaglegu endurhæfingu sem þar er boðið upp á, en það starfa félagsráðgjafar í öllum teymum Reykjalundar. Þó ekki verði stigið það skref að sameina Grensás og Reykjalund má vissulega auka samvinnu og samstarf, sér í lagi hvað varðar rannsóknir og uppsöfnun þekkingar í endurhæfingu.

Félagsráðgjafar hafa þekkingu á einstaklingsþroska, fjölskyldusamskiptum, löggjöf, þjónustustofnunum og félagslegum úrræðum og mynda þannig mikilvæga brú á milli einstaklings, fjölskyldu og samfélags. Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins. Nú eru 790 félagsráðgjafar með starfsleyfi frá Embætti landlæknis og starfa a.m.k. 60 þeirra með beinum hætti við endurhæfingu auk þess sem fjöldi annarra félagsráðgjafa kemur að endurhæfingu með einum eða öðrum hætti í störfum sínum. Félagsráðgjafafélag Íslands skorar á heilbrigðisráðuneytið að byggja stefnumótun í endurhæfingu á breiðari skírskotun en fram kemur í þeirri tillögu sem nú liggur fyrir.

Félagsráðgjafafélag Íslands lýsir sig reiðubúið til samstarfs um stefnumótun í endurhæfingu. Félagið er tilbúið til að fylgja athugasemdum sínum eftir, sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður

f.h. fagdeildar í endurhæfingu

Sveindís Anna Jóhannsdóttir,
félagsráðgjafi